

# Persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

## Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndarstefnu þessari er því lýst hvernig Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti og fleira. Í 2. tl. 3. gr. persónuverndarlaga má finna nánari útlistun á því hvað fellur undir hugtakið persónuupplýsingar.

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun og fleira. Í 4. tl. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar útskýrt hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.

## Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna, sbr. 6. tl. 3. gr. persónuverndarlaga. Ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft eða undirstofnanir þess ákveða tilgang og aðferðir við vinnsluna. Sem dæmi má nefna að grunnskóli sveitarfélagsins er ábyrgðaraðili að vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem fram fer innan veggja skólans. Þegar um ræðir almenna stjórnsýslu er Sveitarfélagið Hornafjörður í hlutverki ábyrgðaraðila.

*Samskiptaupplýsingar Sveitarfélagsins Hornafjarðar:*

- Sveitarfélagið Hornafjörður
- Hafnarbraut 27, 780 Höfn
- Sími: 470 8000
- [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)

## Persónuverndarfulltrúi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur skipað persónuverndarfulltrúa í samræmi við persónuverndarlög. Hlutverk hans er að sinna innra eftirliti, fræða og ráðleggja starfsfólki um þær

skyldur sem hvíla á sveitarfélaginu með tilliti til persónuverndarlaga. Jafnframt er persónuverndarfulltrúi tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

*Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa:*

- Karl Hrannar Sigurðsson
- Netfang: [karl@hornafjordur.is](mailto:karl@hornafjordur.is)

## **Hvenær vinnur Sveitarfélagið Hornafjörður með persónuupplýsingar?**

### ***Pegar þú sendir inn umsókn***

Hjá Sveitarfélaginu Hornafirði geta einstaklingar sent inn umsóknir af ýmsu tagi. Umsóknir innihalda alla jafna óskir um þjónustu, aðstoð, gjaldtöku eða leyfi fyrir tiltekinni aðgerð. Réttur umsækjanda til framangreinds er ávallt ákveðinn með lögum. Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur fyrst og fremst með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á og taka ákvörðun um rétt umsækjanda. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir í þessum tilfellum á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Pegar þjónustugjöld eru ákveðin og innheimt***

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur í mörgum tilfellum heimild samkvæmt lögum til að ákveða og innheimta gjald fyrir þjónustu sem það veitir íbúum sveitarfélagsins. Þegar innheimta þarf slíkt gjald er sveitarfélaginu nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar og byggir heimild til þess á 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Pegar fasteignagjöld eru ákveðin og innheimt***

Í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að leggja á fasteignaskatt og heimild þeirra til að ákveða skatthlutfall innan þess ramma sem í lögnum greinir. Er Sveitarfélaginu Hornafirði annars vegar nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu og hins vegar að beita því opinbera valdi sem það fer með lögum samkvæmt. Byggir heimild til vinnslunnar á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Pegar sveitarfélagið sinnir eftirlitshlutverki***

Í lögum er oft kveðið á um eftirlitshlutverk sveitarfélaga og úrræði sem þau hafa heimild til að beita við ákveðnar aðstæður. Hér má til dæmis nefna barnaverndarlög nr. 80/2002, skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Er vinnsla persónuupplýsinga í þessum tilfellum iðulega nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu og beita því opinbera valdi sem það fer með lögum samkvæmt. Heimild til vinnslunnar byggir þá á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Pegar þú sækir um starf***

Pegar þú sækir um starf hjá okkur verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknina með tilliti til þess starfs sem sótt er um. Heimild til vinnslu þeirra persónuupplýsinga byggir á 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Á meðan þú starfar hjá okkur***

Á meðan þú starfar hjá okkur verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að standa við skuldbindingar samkvæmt ráðningarsamningi. Heimild til þeirrar vinnslu byggir á 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Þegar þú, eða vinnuveitandi þinn, átt í viðskiptasambandi við okkur***

Sveitarfélagið Hornafjörður á í viðskiptasambandi við ýmsa aðila, svo sem þá sem selja sveitarfélaginu sérfræðiþjónustu, úthluta búnaði eða taka að sér ákveðin verk. Til þess að slíkt viðskiptasamband gangi upp verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar. Þegar einstaklingur veitir þjónustu í eigin nafni byggir heimild til vinnslunnar á 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Þegar einstaklingur kemur fram í nafni fyrirtækis byggir hún á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

### ***Þegar þú sendir okkur erindi***

Hver sem er getur sent inn erindi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Vinnur sveitarfélagið þá gjarnan persónuupplýsingar í þeim tilgangi að afgreiða erindið og byggir heimild til vinnslunnar alla jafna á 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

## **Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila**

Sveitarfélagið Hornafjörður notar rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda sveitarfélaginu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við þá þjónustu sem þeir veita. Sveitarfélagið gerir ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við kröfur persónuverndarlaga. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli sveitarfélagsins.

Í ákveðnum tilfellum kann Sveitarfélaginu Hornafirði að vera skylt samkvæmt lögum að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila sem ekki er bundinn fyrirmælum þess um meðferð þeirra. Sveitarfélagið skilar til dæmis upplýsingum til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu á 5 ára fresti í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

## **Öryggi persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur gripið til öryggisráðstafana varðandi tæknimál og skipulag til þess að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangsstýringar eru að kerfum og húsnæði sveitarfélagsins. Jafnframt fá starfsmenn reglulega þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skuli að öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær breytist, glatist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

## Varðveislutími persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Hornafjörður er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Er sveitarfélaginu almennt óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar. Upplýsingar eru afhentar Héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu á 5 ára fresti.

### Réttindi þín

Samkvæmt persónuverndarlögum hefur þú ákveðin réttindi. Ef þú vilt neyta þessara réttinda þinna hefur þú samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins í gegnum netfangið [karl@hornafjordur.is](mailto:karl@hornafjordur.is). Við höfum einn mánuð til að svara erindi þínu en getum framlengt frestinn um tvo mánuði ef beiðnin er sérstaklega umfangsmikil. Rétt er að taka fram að réttindi þín eru ekki fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum. Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi þín og upplýsingar um í hvaða tilvikum þau kunna að vera takmörkunum háð hjá sveitarfélaginu:

*Réttur til aðgangs.* Þú átt rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur um þig. Í sumum tilvikum geta undantekningar átt við, svo sem ef réttindi annarra veða þyngra.

Þú getur einnig átt rétt á aðgangi að gögnum á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eða 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Hér getur verið ákveðin skörun á milli lagabálka sem þarf að meta hverju sinni.

*Réttur til leiðréttingar.* Þú átt rétt á að fá leiðréttar persónuupplýsingar um þig sem þú telur rangar. Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu þó oft óheimilt að breyta þeim gögnum sem það býr yfir, en þá kann að vera mögulegt að koma leiðréttingu á framfæri með athugasemd sem látin er fylgja með gögnunum þegar við á. Þú getur einnig beðið sveitarfélagið að bæta upplýsingum við þær persónuupplýsingar sem það hefur undir höndum og þú telur ófullnægjandi.

*Réttur til eyðingar / Rétturinn til að gleymast.* Rétturinn til eyðingar, eða rétturinn til að gleymast, á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Hornafirði þar sem sveitarfélagið er bundið á grundvelli fyrrnefndra laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn til að varðveita allar upplýsingar sem því berast. Í persónuverndarlögum er einnig sérstaklega tekið fram að réttur til eyðingar, og til að gleymast, eigi ekki við þegar lög mæla fyrir um að upplýsingar skuli varðveittar.

*Réttur til að andmæla vinnslu.* Þú átt rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um þig þegar Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur þær á grundvelli almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.

*Réttur til takmörkunar á vinnslu.* Þú átt rétt á að biðja um að vinnsla sé takmörkuð í ákveðnum aðstæðum.

*Réttur til að flytja eigin gögn.* Þessi réttur á eingöngu við þegar persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli samþykkis eða við gerð samnings. Sveitarfélagið Hornafjörður starfar á grundvelli laga og vinnur því persónuupplýsingar nær alfarið á grundvelli lagaskyldu sem á því hvílir. Því er ólíklegt að þessi réttur eigi við um vinnslu persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.* Teljir þú að ekki sé farið með persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög átt þú ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## **Frekari upplýsingar**

Viljir þú frekari upplýsingar um hvernig Sveitarfélagið Hornafjörður meðhöndlar þínar persónuupplýsingar getur þú sent fyrirspurn á [karl@hornafjordur.is](mailto:karl@hornafjordur.is).

## **Endurskoðun**

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum eða ef breytingar verða á því hvernig Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur með persónuupplýsingar.

*Samþykkt af bæjarstjórn 11. nóvember 2021.*

*Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri*